

Mál nr. 55/2021

M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingarÁgreiningur um gildissvið málskostnaðartryggingar.

Gögn.

Málskot, móttækið 09.02.2021 ásamt fylgiskjölum 1-8.
Bréf V, dags. 25.02.21, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í desember 2020 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem dæmt var að ÍL-sjóði (áður Íbúðalánasjóður) hefði verið óheimilt að krefja lánþega um greiðslu uppgreiðslugjalds þegar þeir greiddu upp lán sín. M og maki hennar voru með sambærilegt lán hjá ÍL-sjóði, sem þau greiddu upp hinn 2. ágúst 2014, og voru þau krafín um greiðslu uppgreiðslugjalds. M og maki hennar kröfðu ÍL-sjóð um endurgreiðslu uppgreiðslugjaldsins en sjóðurinn neitaði að taka afstöðu til kröfunnar að sinni. Því hafi M þurft að höfða mál á hendur sjóðnum. M er með fjölskyldutryggingu hjá V sem innifelur málskostnaðartryggingu og hefur M því farið fram á afstöðu V til þess hvort sú vátrygging taki til fyrirhugaðs málareksturs. V hefur hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að í skilmálum komi fram að tryggingin taki ekki til mála er varði vátryggðan sem eiganda fasteignar.

M telja að ágreiningurinn varði endurkröfu vegna ólögðra lánaskilmála og hafi ekkert að gera með að M séu eigendur fasteignar. Ágreiningurinn sé kröfuréttarlegs eðlis og rót hans séu lögskipti sem varði M sem lánþega þar sem óréttmætir skilmálar hafi verið í lánaviðskiptum. Tilgangurinn með lántökunni breyti engu um eðli ágreiningsins og grundvöll hans. M telur að úrskurður Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 366/2013 eigi við í þessu máli en þar var krafa í réttaraðstoðartryggingu viðurkennd. Í því máli var ágreiningur um endurútreikning á gengistryggðum lánasamningi vegna bílaláns, en sambærilegt ákvæði má finna í skilmálum tryggingarinnar sem um var deilt þar sem fram kom að tryggingin tæki ekki til ágreinings sem varðaði vátryggðan sem eiganda vélknúins farartækis.

V byggir á því að eini tilgangur ÍL-sjóðs hvað einstaklinga varðaði hafi verið að veita þeim fasteignalán vegna kaupa á fasteign. Slík lán hafi verið veitt með veð í fasteigninni og hafi ekki getað komið til nema í tengslum við kaup fasteignar. Ekki sé hægt að líta framhjá því hver lánveitandinn sé og í hvaða tilgangi umrætt lán hafi verið veitt. Sérstök vátrygging, húseigendatrygging, feli einnig í sér málskostnaðartryggingu, sem taki til ágreinings sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar, og hafi bótaskylda úr slíkum vátryggingum verið viðurkennd vegna sambærilegra mála. Samkvæmt skilmálum séu hins vegar ágreiningsmál sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar undanþegin bótasviði fjölskyldutryggingar. Ágreiningur M við ÍL-sjóð sé eingöngu kominn til vegna eignarhalds hennar og maka hennar að tiltekinni fasteign og varði þ.a.l. þau sem eigendur fasteignar. Sé bótaskylda því ekki til staðar.

Álit.

Í skilmálaákvæðum umræddrar vátryggingar kemur m.a. fram, í gr. 18.9, að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Við úrlausn á því hvort réttarágreiningur sá sem hér er til skoðunar falli undir umrætt undanþáguákvæði verður við túlkun þess að líta til þess að um er að ræða staðlaða samningsskilmála sem settir eru einhliða af V. Ágreiningur M við ÍL-sjóð snýst um meint oftekið uppgreiðslugjald láns, sem í þessu tilfelli var veitt til íbúðakaupa. Viðkomandi fasteign er hins vegar ekki andlag eða hluti af ágreiningnum og mun niðurstaða ágreinings um uppgreiðslugjald umrædds láns ekki hafa nein áhrif á fasteignina eða eignarhald hennar. Ágreiningur M við ÍL-sjóð varðar þannig lögmæti tiltekins gjalds í skilmálum lánsamnings óháð eignarhaldi á fasteign. Þar sem ágreiningurinn er því í raun eingöngu tengdur M sem eiganda fasteignar á grundvelli þess að lánið var upphaflega tekið til kaupa á fasteign verður ekki talið að umþrætt undanþáguákvæði skilmálanna eigi við. Á M því rétt á bótum úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.